

KJARASAMNINGUR
milli
Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda
og
Félags íslenskra leikara
um tímabundna ráðningu um leik í kvikmyndum og sjónvarpi

1. KAFLI Gildissvið

Samningur þessi tekur til ráðningarsamninga sem gerðir eru milli kvikmyndaframleiðanda innan Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðanda (SÍK) og leikara innan Félags íslenskra leikara (FÍL) um tímabundna ráðningu við leik í kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 129/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna sem fjallar um endurnýjun tímabundinnar ráðningar gilda ekki um ráðningarsamninga sem byggjast á kjarasamningi þessum, sbr. heimild í 3. mgr. 5. gr. laganna.

2. KAFLI Ráðning

2.1 Ráðning leikara

Ráðning leikara til að leika hlutverk í kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð er tímabundin og byggir á áætluðum fjölda tókudaga, auk undirbúnings og eftirvinnslu, á tilgreindu tímabili. Við lok verkefnis lýkur ráðningu án sérstakrar uppsagnar.

2.2 Ráðningarsamningar

Allir samningar á milli framleiðanda og leikara skulu vera skriflegir, undirritaðir í tveimur eintökum, fyrir leikara og framleiðanda.

3. KAFLI Laun

3.1 Launaflokkar

Launaflokkur leikara ræðst af reynslu hans í kvikmyndum og/eða sjónvarpsþáttaröðum og raðast leikari sem leikið hefur a.m.k. fjögur hlutverk, meðalstór eða stærri, í II. flokk en aðrir í I. flokk. Þrjú meðalstór eða stærri hlutverk í atvinnuleikhúsi eru metin sem eitt hlutverk í kvikmynd.

3.2 Launataxtar

		<i>mánaðarlaun</i>		<i>tímakaup</i>	<i>tímakaup</i>	<i>Tímakaup</i>
Kvikmyndir		<i>dagvinna</i>	<i>dagur</i>	<i>dagvinna</i>	<i>yfirvinna</i>	<i>Stórhátíðaráglag</i>
Framleiðslukostn.						
<75 m	Reynsluflokkar I & II	574.767	26.524	3.315	5.969	7.903
76-750 m	Reynsluflokkur I	689.720	31.828	3.979	7.163	9.484
76-750 m	Reynsluflokkur II	926.409	42.751	5.344	9.621	12.738
>751 m	Reynsluflokkur I & II	1.389.614	64.126	8.016	14.431	19.107
Sjónvarp						
Framleiðslukostn.						
<100 m	Reynsluflokkar I & II	574.767	26.524	3.315	5.969	7.903
100+ m	Reynsluflokkur I	625.326	28.857	3.607	6.494	8.598
100+ m	Reynsluflokkur II	833.769	38.476	4.809	8.659	11.464

Sé leikari ráðinn umfram 5 daga til að leika í sjónvarpsefni þar sem framleiðslukostnaður er yfir 100 milljónir reiknast 10% afsláttur af launatöxtum fyrir hvern unnin dag frá og með sjötta degi.

Ef upp koma áhöld um heildarframleiðslukostnað verkefna, er hægt að leita staðfestingar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands um framleiðslukostnað verkefna sem annað hvort njóta framlags úr Kvikmyndasjóði og/eða endurgreiðslu vegna kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

3.3 Greiðslutilhögun

Gjalddagar launa eru um hver mánaðarmót á meðan á ráðningu stendur.

Heimilt er að semja um aðra gjalddaga launa en hér eru nefndir og skal slíkt samkomulag skráð í ráðningarsamning. Fullnaðargreiðsla skal þó aldrei fara fram síðar en mánuði eftir síðasta tökudag.

3.4 Menningarsjóður

Framleiðandi greiðir 1,22% af heildarlaunakostnaði leikara í Menningarsjóð FÍL. Framleiðandi skuldbindur sig til að greiða umsamda upphæð til FÍL eigi síðar en 3 mánuðum eftir frumsýningu hérlandis. Ef upp koma áhöld um heildarlaunakostnað leikara, er hægt að leita staðfestingar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna verkefna sem annað hvort njóta framlags úr Kvikmyndasjóði eða endurgreiðslu vegna kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

4. KAFLI Vinnutilhögun

4.1 Vinnutími

Venjulegur vinnutími við upptöku kvikmynda og sjónvarpsefnis er 8 klst. með eðlilegum neysluhléum.

Ráðningartími leikara er heill dagur þ.e. 8 klst. Heimilt er þó með samþykki leikarans, að framlengja þann tíma og skal hver umfram klukkustund greiðast með tímakaupi sbr. ákvæði 3.2.

Heimilt er í undantekningartilvikum að ráðningartími leikara sé hálfur dagur ef um lítið hlutverk er að ræða eða ef ekki er hægt að skipuleggja heila tökudaga á dagvinnutíma vegna annarra skuldbindinga leikara á framleiðslutíma verkefnis. Fullt samkomulag skal þá ríkja milli aðila um slíkt fyrirkomulag og skal það skráð í ráðningarsamning.

Vinnudagur hefst þegar leikari mætir til vinnu skv. boðun og lýkur þegar hann má yfirgefa vinnustaðinn.

4.2 Boðun og afboðun

Leikara skal boða til vinnu með minnst 24 klst. fyrirvara. Greiða skal fyrir æfingu eða upptöku hafi hún ekki verið afboðuð með 12 klst. fyrirvara, hið minnsta. Undantekningu frá þessu má gera með samkomulagi við leikara ef veður, annað hvort, kallar á eða hamlar upptöku.

4.3 Hvíldartími

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst. Við sérstakar aðstæður má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá undantekningarlaust veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af lok vinnudags.

4.4 Vikulegur frídagur

Ef leikari er ráðinn samfelld í fleiri en 6 daga skal hann að jafnaði fá vikulegan frídag. Skal vikulegur frídagur fela í sér sólarhringshvíld að loknum frítökurétti í kjölfar tökudags.

Heimilt er, með samkomulagi milli allra aðila, að semja um að sleppa frídegi séu tökudagar ekki fleiri en 10.

4.5 Vinna á frídögum og stórhátíðadögum

Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum teljast ekki sérstakir frídagar en tilkynna skal um vinnu þessa daga með eins góðum fyrirvara og kostur er.

Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársdag eru frídagar nema sérstakar ástæður hamli og skal tilkynna um vinnu þessa daga með eins góðum fyrirvara og kostur er. Vinna á slíkum frídögum greiðist með álagi.

5. KAFLI Ferðalög og ferðir til og frá vinnu

5.1 Tökustaður fjarri starfsstöð

Í ráðningarsamningi skal skilgreina starfsstöð verkefnis. Fari kvikmyndataka fram fjarri starfsstöð greiðir framleiðandi kostnað vegna ferða- og upphalds nema samið sé um annað.

5.2 Ferðir til og frá vinnu

Leikarar mæta til vinnu á höfuðborgarsvæðinu eða annarri skilgreindri starfsstöð á eigin vegum og í eigin tíma. Ferðir til og frá vinnustað á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki, greiðist af vinnuveitenda nema samið sé um annað.

Óski framleiðandi þess að leikari noti eigin bifreið vegna ferða til og frá tökustað utan höfuðborgarsvæðisins, skal framleiðandi greiða kílómetragjald í samræmi við ákvörðun ríkisskattstjóra á hverjum tíma, fyrir hvern ekinn kílómeter frá ytri mörkum höfuðborgarsvæðisins

6. KAFLI Ferða- og biðdagar

6.1 Ferðadagur

Ferðadagur greiðist með launum sem samsvara hálfum tökudegi.

Ef ferð á tökustað er farin á tökudegi skal ekki greiða ferðadag, enda taki boðun leikara gildi við upphaf ferðar.

Ef ferðast er að loknum tökudegi skal ekki greiða ferðadag ef samanlagður tími við tökum og ferðalag rúmast innan vinnutíma.

Þriggja klst. æfing er heimil á ferðadegi án sérstakrar greiðslu. Fari æfing fram yfir þrjár klst. skal greitt tímakaup í samræmi við ákvæði 3.2.

6.2 Biðdagur

Taki leikari ekki þátt í kvikmyndatöku sem fer fram fjarri starfsstöð, en þarf eigi að síður að dvelja á tökustað, telst það biðdagur og greiðist með launum sem samsvara hálfum tökudegi. Þriggja klst. æfing er heimil á biðdegi án sérstakrar greiðslu. Fari æfing fram yfir þrjár klst. skal greitt tímakaup í samræmi við ákvæði 3.2.

7. KAFLI Orlof, lífeyrissjóður o.fl.

7.1 Orlof

Ofan á allt kaup, sem um ræðir í samningi þessum skal greiða 10,17% orlof.

7.2 Lífeyrissjóður

Framleiðandi greiðir 8% iðgjald í þann lífeyrissjóð sem leikari tilgreinir í ráðningarsamningi, á móti 4% iðgjaldi leikara, og stendur framleiðandi skil á iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

8. KAFLI Starfsskyldur

8.1 Undirbúningur

Leikarinn er skuldbundinn til þess að kunna texta hlutverksins þann dag sem upptökur eiga sér stað. Skilyrði er að handrit hafi verið afhent leikaranum í tæka tíð áður en upptökur fara fram.

Heimilt er að boða leikara til förðunar- og búningamátunar og skal greitt fyrir með tímagjaldi skv. gr. 3.2 og skal lágmarksboðun vera 2 klst.

8.2 Æfingar

Fyrir hverja 5 tókudaga sem ráðning leikara nær til, er heimilt skv. samkomulagi, áður en tókur hefjast, að boða tvisvar sinnum á 3. klst. æfingar án þess að sérstök greiðsla komi til.

Fyrir aðrar æfingar skal greitt fyrir með tímagjaldi skv. gr. 3.2 og skal lágmarksboðun vera 3 klst.

8.3 Eftirvinna

Fyrir þularlestur eða eftirsynkróniseringu skal greitt fyrir með tímagjaldi skv. gr. 3.2 og skal lágmarksboðun vera 2 klst.

8.4 Kynningar

Framleiðandi hefur rétt til þess að nota nafn og myndir af leikara og ævisöguatriði í kynningar- og auglýsingaskyni.

Leikari skal mæta á fréttamannafundi og taka þátt í eðlilegri kynningarstarfsemi skv. samkomulagi án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Leikarinn á rétt á að fá allan útlagðan kostnað greiddan sem til fellur vegna slíkrar kynningarstarfsemi.

8.5 Framlenging

Ef verkinu er ekki lokið á tilsettum tíma er leikarinn skyldugur til þess að sýna verkinu tryggð svo ljúka megi við kvikmyndina á sem skemmstum tíma á daglaunum sem ákvörðuð eru skv. kafla 3 í samningi þessum.

Ef leikaranum tekst ekki að ljúka verki sínu innan ráðningartímabilsins, sakir veikinda eða annarrar gildrar ástæðu, er hann skyldugur til þess að vera tiltækur, svo fremi það sé hægt, eftir að veikindum eða öðrum gildum ástæðum er lokið.

9. KAFLI Um aðbúnaður og öryggi á vinnustað

9.1 Aðbúnaður á vinnustað

Framleiðandi skal ávallt leitast við að tryggja góðan aðbúnað á vinnustað. Felur það í sér að framleiðandi skuli útvega salernisaðstöðu og viðunandi aðstöðu vegna matar- og kaffitíma. Leitast skal við að útvega leikurum aðgang að sérstöku rými á tókustað til undirbúnings. Ef tókustaður er fjarri mannabyggðum skal framleiðandi gera allt sem í hans valdi stendur til að útvega viðunandi aðstöðu nema það sé ómögulegt og skal þá upplýst um það við boðun.

9.2 Umboðsmaður á tókustað

Við upphaf tókutímabils á verkefnum, skal starfsfólk og verktakar sem að verkefninu eru ráðin velja sér sérstakan umboðsmann fyrir verktímabilið sem vinnur með framleiðenda að úrlausn ágreiningsmála sem gætu komið upp á tókustöð og varða aðbúnað eða öryggismál. Slíkur umboðsmaður mun jafnframt vera tengiliður við stéttarfélög starfsfólks þegar slíkt á við.

9.3 Öryggi á vinnustað

Kvikmyndaframleiðandi skal leitast við að tryggja öryggi leikara á vinnustað. Ef hlutverk krefst að leikari setji sig í hættulegar aðstæður sem tengjast t.d. eldi, sjó, lofti/hæðum, sprengingum, niðurbroti á veggjum, gleri, bílaatriði, dýrum eða öðru sem telst utan athafna daglegs lífs þá skal framleiðandi láta fagaðila um undirbúning atriðisins þannig að tryggt sé að heilsu og lífi leikara sé ekki hættu búin. Skal umboðsmaður sbr. 9.2 vera viðstaddur tókur á slíkum aðilum og hafa beinan aðgang að framleiðenda til að koma á framfæri athugasemdum ef þurfa þykir.

10. KAFLI Veikindi, slys og tryggingar

10.1 Greiðslur launa vegna veikinda

Forfallist leikari vegna veikinda eftir að upptökur hefjast á hann rétt á launum fyrir þann tíma sem hann hefur unnið.

10.2 Vinnuslys

Framleiðanda ber að slysatryggja leikara. Slasist leikari við vinnu, hvort sem um er að ræða á æfingu, við upptöku eða við eftirvinnslu, fer um slysabætur skv. ákvæðum um slysatryggingar í almennum kjarasamningum SA og aðildarfélagi ASÍ.

Verði leikari fyrir tjóni vegna slyss við leik í kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð fer um rétt til bóta eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

11. KAFLI Trúnaðarskyldur

Leikari sem hefur fengið handrit afhent til yfirlstrar ber að líta á handritið sem trúnaðarmál og er óheimilt að afrita það, afhenda eða lána það öðrum.

Leikaranum er óheimilt fyrir frumsýningu að ræða við fjölmiðla um hlutverk sitt, handrit og/eða framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsþáttaraðar nema honum hafi verið falið það sérstaklega eða fengið til þess leyfi framleiðanda.

Textar, nótur og önnur gögn sem leikari fær afhent frá framleiðanda eru eign framleiðandans og ber leikara að skila því án undantekninga til hans við lok verkefnis.

12. KAFLI Hugverkaréttindi

Framleiðandinn á allan rétt á sýningu og fjölföldun og dreifingu kvikmyndar eða sjónvarpsþáttaraðar héraðs og erlendis í öllum miðlum. Framleiðandinn á jafnframt rétt á að láta talsetja myndina á erlend tungumál.

Framleiðandinn hefur leyfi til að nýta ljósmyndir, teikningar af leikurum og búið úr myndinni sem auglýsingu á henni, auk réttinda til að nota nafn leikarans á veggspjöldum og öðrum auglýsingum á kvikmyndinni. Vilji framleiðandi nota hluta af nektar-, kynlífs- eða ofbeldissenum í auglýsingar á myndinni, skal hann leita eftir samþykki hlutaðeigandi leikara.

Afleidd réttindi að kvikmyndinni, svokölluð "merchandising" réttindi, þ.e. réttur til þess að framleiða og selja ýmsa verslunarvöru sem byggir á útliti leikara, sem og aðrar fjárhagslegar nýttjar af útliti leikara, eru háðar samþykki hans.

Ef einkenni hlutverksins og mikilvægi þess í kvikmyndinni breytist verulega, ber framleiðanda að tilkynna leikaranum þetta áður en að kvikmyndin er frumsýnd. Undanþágur frá þessu eru þó styttingar sem gerðar eru til að mæta kröfum um kvikmyndaefirlit.

13. KAFLI Almennar skuldbindingar

Leikarinn er skyldugur til að sjá til þess að framleiðandinn viti á hverjum tíma hvernig koma megi skilaboðum til sín á sem fljótlegastan hátt.

Leikarinn skuldbindur sig til að vera tiltækur á umráðatímabilinu, en framleiðanda ber þó að virða aðra samninga leikarans sem í gildi eru fyrir og framleiðanda hefur verið tilkynnt um. Leikaranum er ekki heimilt að skrifa undir fleiri samninga innan skilgreinds ráðningartímabils, án samþykkis framleiðandans.

Á "kreditlista", kvikmyndar eða í dagskrá sem kann að vera gerð í tengslum við hana, skal getið nafns leikarans, nema sérstakar ástæður valdi að rétt þyki að fella það niður. Í slíkum tilfellum ber að skýra frá þessu og ástæðan tilgreind. Leikaranum er heimilt að vera viðstaddur frumsýningu og/eða fjölmiðlasýningu ásamt gesti, auk þess að gefa viðtöl í þessu sambandi.

Leikaranum er ekki heimilt að taka á móti eða hafa með sér óviðkomandi aðila inn á þau svæði þar sem vinna við kvikmyndun fer fram, án sérstaks leyfis.

Leikari skal upplýstur um gerð heimildarmyndar um gerð kvikmyndarinnar og þess skal vandlega gætt að leikari sé ekki sýndur þannig að það sé honum til vansæmdar á nokkurn hátt. Áður en slík heimildarmynd er sýnd opinberlega skal hún sýnd hlutaðeigandi aðilum.

14. KAFLI Ýmis ákvæði

14.1 Vanefndir

Ef leikari mætir seint eða alls ekki til upptöku, og engin lögleg forföll hafa verið boðuð, þannig að stöðva verður upptöku af þeim sökum, eða ef leikarinn gerist sekur á annan hátt um alvarlegar vanefndir á samningnum, hefur framleiðandi leyfi til að rifta samningi strax og krefjast bóta skv. almennum reglum kröfuréttar og skaðabótaréttar.

Framleiðandinn er sömuleiðis skuldbundinn til þess að standa við efndir samningsins og er bótaskyldur samkvæmt almennum reglum ef hann vanefnir skyldur sínar samkvæmt samningi. Ef um alvarlegar vanefndir er að ræða getur leikarinn ennfremur rift ráðningarsamningi.

14.2 Neyðaraðstæður

Ef upptökur kvikmyndarinnar eða lokavinna við hana er hindruð sökum stríðs, jarðskjálfta, allsherjarverkfalls, verkbanns eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna, er framleiðanda heimilt að fresta tökum eða rifta samningi fyrirvaralaust og greiða einungis fyrir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin.

14.3 Meðferð ágreiningsmála

Aðilar að þessum samningi skulu, ef tilefni gefst, tilnefna hvor um sig tvo menn í samstarfsnefnd til að fjalla um og jafna ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd eða túlkun samningsins. Nefndin skal koma saman innan tveggja vikna frá því að annar hvor aðilinn óskar þess.

Rísi mál útaf samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og skal ávallt gilda þriggja sólarhringa stefnufrestur óháð því hvort aðili sé búsettur í lögsagnarumdæminu.

15. KAFLI Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá undirritun til 30. nóvember 2015. Eftir það er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 12. nóvember 2014

F.h. Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

F.h. Félags íslenskra leikara